

384. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 21. janúar 2026 kl. 16:00.



Mætt: Willum Þór Þórsson forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Daníel Jakobsson gjaldkeri, Anton Sveinn McKee, Hafsteinn Pálsson, Heimir Örn Árnason, Hjördís Guðmundsdóttir, Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurjón Sigurðsson, Trausti Gylfason, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Elsa Nielsen kom inn á fundinn kl. 16:30.

Forföll: Þórdís Anna Gylfadóttir.

Forseti setti fund og stýrði honum.

Dagskrá:

1. Málefni á milli funda

Til kynningar og upplýsingar:

1.01 Samantekt skrifstofu

Samantekt skrifstofu lögð fram. Umræður urðu um einstaka þætti samantektarinnar.

1.02 Samantekt svæðisstöðva

Samantekt svæðisstöðva íþróttahéraða lögð fram. Almennar umræður urðu um verkefnið, m.a. stöðu fjármögnunar, framtíðarhorfur og hlutverk.

Svör hafa ekki ennþá fengist frá ráðuneytinu hvort að áframhaldandi fjármagn fái til verkefnisins.

1.03 Tilkynning heilbrigðisráðuneytis um styrk til verkefnisins Bjarts lífsstíls

ÍSí kallaði eftir samstarfi og stuðningi frá þremur ráðuneytum varðandi lýðheilsu-/almenningsíþróttaverkefni, með áherslu m.a. á verkefnið Bjartur lífsstíll.

Verkefnið hefur hlotið 15 milljón króna styrk frá heilbrigðisráðuneytinu vegna ársins 2026. Ekki hafa borist svör frá öðrum ráðuneytum.

1.04 Ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi meðal barna og ungmenna, fyrir árin 2026 – 2030.

Dómsmálaráðuneytið hefur auglýst ofangreinda tillögu til þingslályktunar til umsagnar í samráðsgátt.

Samþykkt að ÍSí sendi inn umsögn á þessu mikilvæga máli. Vísað til Stjórnsýslusviðs og Fræðslu- og almenningssíþróttasviðs að vinna umsögn í samráði við Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur, formann vinnuhóps ÍSí um verndun og velferð iðkenda.

Ragnheiður spurðist fyrir um fund með starfsfólki embættis Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs sem áætlaður var í húsakynnum embættisins fyrir áramót en var frestað.

Samþykkt að bjóða embættinu að koma inn á næsta framkvæmdastjórnarfund, sem verður 25. febrúar nk. með kynningu á starfsemi embættisins. Framkvæmdastjóra falið að senda boð til embættisins.

1.05 Fundargerðir 343., 344., 345, 346., 347. og 348. fundar Afrekssjóðs ÍSí

Ofangreindar fundargerðir lagðar fram til upplýsingar.

2. Fjármál

2.01 Úthlutunarreglur ÍSí vegna lottó

Breytingar voru gerðar á Úthlutunarreglum ÍSí vegna lottó á Íþróttapingi ÍSí síðastliðið vor og tóku þær gildi um áramótin. Breytingarnar fela í sér að ekki er lengur um tvenns konar úthlutun að ræða, þ.e. hefðbundna lottóúthlutun annars vegar og útbreiðslustyrk hins vegar. Samhliða urðu breytingar á þeim hluta úthlutunarinnar sem skiptist jafnt á milli sérsambanda. Sá hluti var áður 15% en verður nú 30%.

Lögð fram tillaga fjármálaráðs ÍSí um lottóúthlutun til sérsambanda ÍSí.

Einnig lögð fram tillaga um skiptingu á ríkisstyrk til sérsambanda.

Umræður urðu um tillögurnar, forsendur og mælikvarða.

Samþykkt að gefa meiri tíma til að skoða betur upplýsingarnar frá fjármálaráði ÍSí, bæði varðandi lottóúthlutunina og ríkisstyrkinn. Kallað verður eftir rafrænni afgreiðslu stjórnar um ofangreint í næstu viku.

Hjördís Guðmundsdóttir óskaði eftir upplýsingum um verðmæti samninga við fyrirtækin í Ólympíufjölskyldu ÍSí. Framkvæmdastjóri sagði samninga fyrir næstu Ólympíuöðu ekki ennþá frágengna en upplýsti um samninga síðustu ára.

Forseti þakkaði góðar og nauðsynlegar umræður um fjármálatengd málefni.

2.02 Upphæðir umsýslukostnaðar vegna verkefna

Fjármálaráð ÍSí leggur til að upphæð umsýslukostnaðar vegna Ferðasjóðs íþróttafélaga fyrir árið 2025 verði 3,0 m.króna, líkt og fyrri ár.

Ákvörðun um upphæð umsýslukostnaðar verður tekin um leið og ofangreindar tillögur Fjármálaráðs verða teknar til afgreiðslu á milli funda.

3. Afreksíþróttir

3.01 Vetrarólympíuleikar 2026

Forseti og framkvæmdastjóri upplýstu um stöðu mála.

Lokastaða á stigalistum Alþjóðaskíðasambandsins lá ekki fyrir fyrr en í gær og beðið er eftir loka endurúthlutun á kvóta. Skíðasamband Íslands (SKÍ) náði því ekki að senda tillögu að keppendahópi Íslands á leikunum inn til framkvæmdastjórnar í tíma fyrir fundinn.

Samþykkt að málið verði afgreitt með rafrænum hætti, um leið og tillaga SKÍ liggur fyrir.

3.02 Úthlutun Afrekssjóðs og erindi sérsambanda

Rætt um erindi sem borist hafa til Afrekssjóðs og framkvæmdastjórnar frá sérsamböndum ÍSí í kjölfar úthlutunar úr sjóðnum.

Einnig rætt um verklag varðandi erindi sem berast til sjóðsins og svörun þeirra.

Framkvæmdastjóri mun skerpa á vinnuferlum hvað þetta varðar á starfsmannafundi í fyrramálið.

4. Stefnumótun

Forseti fór yfir stöðu mála. Búið er að skipa stýrihóp verkefnisins. Í honum sitja:

Frá ÍSí: Willum Þór Þórsson forseti ÍSí og Kári Mímisson formaður Stefnumótunarráðs ÍSí.

Frá UMFÍ: Helgi S. Haraldsson og Halla Margrét Jónsdóttir.

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir frá Expectus leiðir hópinn.

Framkvæmdastjórnar ÍSí og UMFÍ vinna einnig með hópnum.

Stýrihópurinn hefur þegar fundað einu sinni. Unnið er að tímalínu verkefnisins, úrvinnslu á gögnum frá stefnumótunarvinnu sem fram fór á Formannfundi ÍSí í nóvember síðastliðnum, skipulag vinnustofa, o.s.frv. Upplýsingabréf til aðila í hreyfingunni er í vinnslu og verður sent út fljótlega.

5. Erindi til framkvæmdastjórnar ÍSí:

5.01 YOBE – fulltrúi/fulltrúar

Tekið fyrir boð á svo kallaðan YOBE fund, fund framkvæmdastjórnarfólks undir 45 ára aldri í Ólympíunefndum í Evrópu. Fundurinn verður haldinn í Vaduz í Liechtenstein 9. – 10. apríl nk. Þrír í framkvæmdastjórn ÍSí falla undir aldursmörkin. Samþykkt að gefa þeim öllum tækifæri á að fara, ef leyfilegt er að senda þrjá til fundarins og áhugi er fyrir hendi. Skrifstofu falið að fylgja málinu eftir.

5.02 Erindi Billiardssambands Íslands um viðurkenningu knattborðsleikja og viðaukar.

5.03 Erindi Rafíþróttasambands Íslands – umsókn og viðaukar

Teknar fyrir umsóknir ofangreindra sambanda og viðaukar þar sem óskað er eftir viðurkenningu ÍSí, annars vegar á knattborðsleikjum sem íþrótt innan vébanda ÍSí og hins vegar rafíþróttum sem íþrótt innan vébanda ÍSí.

Umræður urðu um báðar umsóknirnar.

Kolbrún Hrund og Viðar skýrði frá fundi með fulltrúum nokkurra sérsambanda íþróttagreina sem til eru hermileikir um í síðustu viku, þar sem málefni rafíþróttu voru rædd. Þar komu fram ýmsar upplýsingar, skoðanir og vangaveltur. Annar fundur er áætlaður um miðjan febrúar.

Almennar umræður urðu um þróun íþróttu innan ÍSí og leið nýrra íþróttu inn í íþróttahreyfinguna.

Afgreiðslu beggja umsókna frestað til næsta fundar. Skrifstofu falið að vinna að málinu á milli funda.

6. Til afgreiðslu:

6.01 Fundargerð framkvæmdastjórnar frá 12. desember 2026

Fundargerðin lögð fram og staðfest.

6.02 349. fundur Afrekssjóðs ÍSí frá 13. janúar 2026.

Fundargerðin lagð fram til upplýsingar og afgreiðslu.

Tillaga um niðurfellingar vegna ársins 2024 sbr. fundargerð, samþykkt. Alls er um að ræða niðurfellingar samtals að upphæð kr. 13.598.901,- hjá sex sérsamböndum. Enn eru ófrágengin uppgjör frá fjórum sérsamböndum vegna ársins 2024.

7. Viðburðir

Farið yfir viðburði sem framundan eru og mönnun þeirra.

8. Næstu fundir

Næstu fundir verða haldnir miðvikudagana 25. febrúar, 18. mars og 15. apríl.

9. Önnur mál

Heiðranir íþróttaeldhuga

Í tengslum við val á Íþróttaeldhuga ársins 2025 var samþykkt á milli funda að sæma öll þau þrjú sem tilnefnd voru til heiðurstilsins Gullmerki ÍSÍ fyrir frábær störf í þágu íþróttahreyfingarinnar.

Er um að ræða þau Bjarna Malmquist Jónsson (USÚ og Umf. Vísi) sem útnefndur var Íþróttaeldhugi ársins 2025, Árna Þór Grétarsson (Umf. Selfoss) og Hugrúnu Hjálmarsdóttur (UÍA og Íþróttafélagið Höttur).

Heiðursviðurkenningarnar voru afhentar í hófi Íþróttamanns ársins, 3. janúar sl.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari